



Erindisbréf fyrir fræðslu- og frístundanevnd Sveitarfélagsins Árborgar

I. Kafli Skipan, umboð og hlutverk

1. gr.

Fræðslu- og frístundanevnd Sveitarfélagsins Árborgar er kosin af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar og fer hún í umboði bæjarstjórnar með stjórn á framkvæmd fræðslu- og frístundamála í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í erindibréfi þessu og samkvæmt lögum um leikskóla, lögum um grunnskóla og æskulýðslögum

Nefndin er á fjölskyldusviði Árborgar.

2. gr.

Fræðslu- og frístundanevnd Sveitarfélagsins Árborgar er skipuð fimm fulltrúum og jafn mörgum til vara, auk þess sem áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi taka sæti í nefndinni í samræmi við 42. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar þegar við á. Jafnframt eiga eftirtaldir aðilar rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt: fulltrúi skólastjóra, fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi stjórnenda frístundastofnana, fulltrúi kennara í grunnskóla, fulltrúi kennara í leikskóla, fulltrúi foreldra grunnskólabarna, fulltrúi foreldra leikskólabarna og fulltrúi ungmennaráðs.

Skipun fulltrúa miðast við kjörtímabil bæjarstjórnar og lýkur þegar nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í stað þeirrar fyrri. Á tímabilinu eftir kosningar eru valdheimildir nefndarinnar þó takmarkaðar sbr. 12. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga. Í upphafi kjörtímabils nýrrar bæjarstjórnar kys bæjarstjórn formann en á fyrsta fundi nefndarinnar fer fram kjör varaformanns.

3. gr.

Undir verksvið fræðslu- og frístundanevndar falla m.a.: fagleg umsjón með starfsemi leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu, frístundastofnana, frístundabjónustu og skólambjónustu. Nefndin hefur eftirlit með því að stofnanir og deildir á sviði nefndarinnar starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykktar á hverjum tíma. Þá fer fræðslu- og frístundanevnd með eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokkum nefndarinnar ná fram að ganga, stuðlar að kynningu til almennings og fyrirtækja um málefni á verksviði nefndarinnar og gerir tillögur til bæjarstjórnar um markmið og úrbætur í málaflokknum.

Fræðslu- og frístundanevnd starfar eftir þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni fyrir þessa málaflokka.

4. gr.

Fræðslu- og frístundanevnd hefur endanlegt ákvörðunarvald og tekur endanlegar stjórnvaldákvarðanir að því marki sem nefndinni er falið slíkt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins, og að því gefnu að vald til fullnaðarafgreiðslu máls sé ekki falið einstökum starfsmanni samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar. Aðrar ákvarðanir, sem ekki varða einstaka aðila, einstaklinga eða lögaðila, taka formlega gildi við samhljóða staðfestingu bæjarráðs en að öðrum kosti sem staðfestingu bæjarstjórnar.

Fræðslu- og frístundanevnd skal vinna á grundvelli þeirra stefna sem sveitarfélagið Árborg



hefur sett sér og þeirra almennu markmiða sem bæjarstjórn setur hverju sinni.

II. Kafi

Starfsmenn, fundir og starfshættir

5. gr.

Deildarstjóri skólaþjónustu og deildarstjóri frístundaþjónustu eru starfsmenn fræðslu- og frístundanefndar og bera starfsmenn ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Skulu nefndarmenn snúa sér til starfsmanna með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar. Starfsmenn undirbúa og sitja fundi nefndarinnar og hafa þar ásamt sviðstjóra fjölskyldusviðs og bæjarstjóra málfrelsi og tillögurétt.

Á fundi nefndarinnar er heimilt að kalla til aðra s.s. starfsmenn fjölskyldusviðs, eftir því sem þurfa þykir og/eða þegar fjallað er um mál sem viðkomandi starfsmaður hefur þekkingu á.

6. gr.

Starfsmenn nefndar boðar fundi fræðslu- og frístundanefndar í samráði við formann nefndarinnar. Nefndin heldur fundi á fastákveðnum fundartíma í samræmi við ákvörðun nefndar á fyrsta fundi sínum, og að höfðu samráði við deildarstjóra.

Skýlt er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í fræðslu- og frístundanefnd fer fram á það með skriflegum hætti til deildarstjóra skólaþjónustu eða deildarstjóra frístundaþjónustu.

Formanni fræðslu- og frístundanefndar er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

Fræðslu- og frístundanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum.

7. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum verið boðaðir skriflega til fundar með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins, fundarstað og tíma. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundarboð verði send með rafrænum hætti.

Nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, skili hann efni þess til nefndarformanns eða deildarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Ef gögn eða erindi innihalda trúnaðarupplýsingar eða aðrar viðkvæmar upplýsingar getur deildarstjóri skólaþjónustu eða deildarstjóri frístundaþjónustu ákveðið að afrit gagnanna fylgi ekki fundarboði heldur að nefndarmenn komi á skrifstofu deildarstjóra og kynni sér efni gagnanna þar.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fræðslu- og frístundanefndar getur fyrirvari um fundarboð nefndarinnar verið skemmri.

8. gr.

Fræðslu- og frístundanefnd getur enga samninga samþykkt eða bindandi ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni



hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga um hæfi og eftir atvikum ákvæðum stjórnsýslulaga.

Þeir sem sitja fundi fræðslu- og frístundanefndar skulu gæta fyllsta trúnaðar um öll mál er rædd eru á fundum. Þagnarskylda gildir áfram þó látið sé af störfum.

Um fundarsköp og málsmeðferð í fræðslu- og frístundanefnd fer eftir því sem við á samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar. Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar.

9. gr.

Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðabók eða tölvuskrár þær skv. þeim reglum sem bæjarstjórn setur. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja fund og hvenær fundi er slitið.

Allar tillögur sem fram eru bornar á fundum skulu skráðar í fundargerð, sama gildi um samþykktir og ályktanir fræðslu- og frístundanefndar. Allir sem viðstaddir eru fundi skulu undirrita fundargerð.

Öll trúnaðarmál skulu færð í sérstaka trúnaðarbók og skal þess getið í fundargerðabók ef mál eru skráð í hana. Fundargerðarbók, afrit af skýrslum, sendibréfum og skjölum á sviði fræðslu- og frístundamála, lög, reglugerðir er varða nefndina svo og erindisbréf skulu vera tiltæk hjá deildarstjórum fyrir nefndarmenn.

Deildarstjórar skólaþjónustu og frístundaþjónustu, fulltrúar í fræðslu- og frístundanefnd og aðrir starfsmenn fjölskyldusviðs á sviði nefndarinnar skulu varðveita málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga og önnur trúnaðargögn með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi geti ekki fengið aðgang að þeim gögnum.

III. Kafi Markmið og verkaskipting

10. gr.

Markmið með störfum fræðslu- og frístundanefndar er að móta heildarstefnu í skóla- og frístundamálum sveitarfélagsins, þar sem sett skal fram hugmyndafræði um framtíðarsýn, gildi og markmið í málaflokkum á sviði nefndarinnar.

11. gr.

Fræðslu- og frístundanefnd skal eiga frumkvæði að eflingu málaflokka sinna í Árborg, setja upp aðgerðaráætlanir og mælikvarða um eftirfylgd á heildarstefnu.

Fræðslu- og frístundanefnd;

- er bæjarstjórn og öðrum nefndum til ráðgjafar í málefnum leik- og grunnskóla, frístundastofnana, sérdeildar, skólaþjónustu, frístundaþjónustu og forvarnarmála;
- gerir tillögur til bæjarstjórnar um menntastefnu Árborgar og aðrar stefnur sem heyra undir nefndina;
- hefur eftirlit með því að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði laga um leikskóla, laga um grunnskóla, æskulýðslaga, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (eftir því sem við á) og ákvæði reglugerða sem settar eru á



grundvelli þessara laga. Gerir nefndin eftir atvikum tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur;

- vinnur samkvæmt samþykktum markmiðum í málefnum leik- og grunnskóla, frístundastofnana, sérdeildar Árborgar, frístundapjónustu og skólapijónustu og gerir tillögur um útfærslur til bæjarstjórnar;
- yfirfer og samþykkir reglur sveitarfélagsins um daggæslu, leik- og grunnskóla, frístundastofnanir, sérdeildir og aðrar reglur sem heyra undir nefndina;
- yfirfer og samþykkir skóladagatöl frístundastofnana, leik- og grunnskóla.
- gerir tillögu til bæjarstjórnar að gjaldskrár fyrir þjónustu þeirra stofnana sem starfa á verksviði nefndarinnar;
- tryggir að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu;
- fylgist með þörfinni fyrir leikskólalátt og pláss á frístundaheimilum í sveitarfélaginu;
- fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerir tillögur til skólastjóra og/eða bæjarráðs/bæjarstjórnar um umbætur í skólastarfi.
- staðfestir starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla, frístundastofnana og sérdeildar ár hvert, og skólanámskrá einstakra skóla.
- gætir þess að leikskólar, grunnskólar, sérdeild og frístundastofnanir á vegum Árborgar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar nauðsynlegur aðbúnaður sé fyrir hendi;
- úthlutar styrkjum til íþróttar-, tómstunda- og forvarnarmála samkvæmt fjárheimildum sem nefndinni eru veittar í fjárhagsáætlun. Nefndin setur reglur um úthlutun styrkjanna;
- skipar undirnefndir til að annast tiltekin verkefni og setur þeim erindisbréf;
- fer eftir atvikum með endanlegt ákvörðunarvald í einstaka málum.

Hlutverk fræðslu- og frístundaneftndar er nánar skilgreint í lögum um leik- og grunnskóla.

12. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, deildarstjóri skólapijónustu og deildarstjóri frístundapijónustu veita fræðslu og frístundamálum í sveitarfélaginu forstöðu og hafa yfirumsjón með daglegum rekstri deilda fjölskyldusviðs er snúa að skólapijónustu, skólum og frístundapijónustu og þeim málaflokkum er undir fræðslu- og frístundaneftnd heyra. Sviðsstjóri og deildarstjórar skulu starfa samkvæmt samþykktum nefndarinnar og innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

13. gr.

Deildir skólapijónustu, skóla og frístundapijónustu skulu í umboði fræðslu- og frístundaneftndar annast eftirlit verkefna í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni:

- að gera áætlanir um framkvæmd fræðslu- og frístundamála og vera ráðgefandi fyrir fræðslu- og frístundaneftnd og bæjarstjórn í málefnum á því sviði
- koma að vinnu við fjárhagsáætlun vegna fræðslu- og frístundamál og hafa eftirlit með útgjöldum
- að taka ákvarðanir í málefnum einstaklinga og lögaðila í samræmi við reglur sem fræðslu- og frístundaneftnd setur, að því marki sem slík ákvarðanatöku heyrir undir nefndina og er starfsmönnum deilda heimil samkvæmt samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.
- að halda til haga upplýsingum um þá þjónustu sem veitt er
- að vera fræðslu- og frístundaneftnd, bæjarstjórn og stofnunum sveitarfélagsins til ráðgjafar í fræðslu- og frístundamálum.



14. gr.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa. Eru fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

IV. Kafi Þagnarskylda

15. gr.

Þagnarskylda er lögð á herðar þeim sem fengið hafa vitneskju um einkahagi einstaklinga, vegna starfa sinna á sviði fræðslu- og frístundamála eða á vegum nefnda og ráða sveitarfélagsins. Starfsmenn og nefndarmenn skulu undirrita drengskapsheit um þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að starfsmenn hætta störfum. Deildarstjórar skulu annast um að slík heit séu undirrituð.

V. Kafi Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, æskulýðslögum nr. 70/2007 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018 með síðari breytingum.

Erindibréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar xxxx 2026

Bragi Bjarnason, bæjarstjóri